8. *Embætti sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar*. Fjölgað er um fulltrúa í Keflavík, sýsluskrifara á Seyðisfirði og í Vík í Mýrdal, innheimtumann á Eskifirði, ritara á Akranesi, Neskaupstað og Hafnarfirði. Annar kostnaður hækkar um 1.3 millj. kr. Endurgreiðsla frá

Tryggingastofnun ríkisins hækkar um 900 þús. kr. Viðhald embættisbústaða hækkar um 20 þús. kr.

9. *Laun hreppstjóra* hækka um 320 þús. kr.

10. *Lögreglukostnaður:*

a. *Ríkislögregla í Reykjavík.* Gert er ráð fyrir 50 lögreglumönnum í Reykjavík eða 10 lögreglumönnum fleira en á fjárlögum þessa árs, og er sú tala í samræmi við nýju lögreglumannalögin, nr. 56/1963. Enn fremur er gert ráð fyrir 5 sumarlögreglumönnum svo sem nokkur undanfarin ár. Vaktaálag, aukavinna o. fl. hækkar um 1 065 þús. kr. Einkennisfatnaður og tryggingar hækkar um 53 þús. kr. Bifreiðakostnaður hækkar um 169 þús. kr. Fjarskiptaþjónusta hækkar um 15 þús. kr. og lögregluskóli, áhöld o. fl. hækkar um 50 þús. kr.

b. *Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli.* Vaktaálag og helgidagauppbót hækkar um 499 þús. kr. Einkennisfatnaður lækkar um 60 þús. kr. Bifreiðakostnaður og tryggingar hækkar um 30 þús. kr.

Ríkislögregla utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar, 958 þús. kr. í fjárlögum þessa árs, fellur niður.

c. *Til sumarlöggæzlu á Siglufirði* hækkar um 100 þús. kr.

d. *Til sumarlöggæzlu á Raufarhöfn* hækkar um 135 þús. kr.

e. *Hluti ríkissjóðs af lögreglukostnaði í Reykjavík* hækkar um 8.1 millj. kr., en hluti ríkissjóðs verður nú  $\frac{1}{3}$  af kostnaðinum, sbr. bráðabirgðaákvæði laga nr. 56/1963 um lögreglumenn, í stað  $\frac{1}{6}$  áður.

f. *Ýmis annar lögreglukostnaður* hækkar um 5 250 þús. kr. vegna tilkomu nýju lögreglumannalaganna og launahækkana lögreglumanna.

g. *Til löggæzlu í sveitum* hækkar um 350 þús. kr.

11. *Til hegningarhúsa og vinnuhæla:*

a. *Hegningarhúsið í Reykjavík.* Vaktaálag hækkar um 100 þús. kr. og annar kostnaður um 160 þús. kr.

b. *Vinnuhælið á Litla-Hrauni.* Vaktaálag hækkar um 161 þús. kr. Aukavinna hækkar um 60 þús. kr. og annar kostnaður um 280 þús. kr.

c. *Fangaklefar lögreglustöðvarinnar í Reykjavík.* Kostnaðarhluti ríkissjóðs vex um 104 þús. kr.

d. *Til rekstrar vinnuhælis að Kviabryggju.* Bætt er við tveimur gæzlumönnum og matreiðslumanni. Liðurinn hækkar um 400 þús. kr. af þessum sökum og vegna almennra kostnaðarhækkana.

13. *Málskostnaður* hækkar um 600 þús. kr. vegna of lágrar áætlunar, en endurgreiddur málskostnaður hækkar um 200 þús. kr.

15. *Kostnaður við siglingadóm* hækkar um 50 þús. kr.

16. *Laun meðdómsmanna.* Þessi liður kemur í stað tveggja í núgildandi fjárlögum, þ. e. liðanna „laun sjó- og verzlunardómsmanna“ og „kostnaður við meðdómendur í einkamálum“ og hækkar samtals um 100 þús. kr.

17. *Kostnaður við störf setu- og varadómara* hækkar um 50 þús. kr.

20. *Til almannavarna.* Liðurinn hækkar úr 1 millj. kr. í 4 millj. kr. Starfsemi almannavarna hefur fram að þessu fyrst og fremst verið fólgin í undirbúningsathugunum. Áætlað er, að nú verði stofnaðar almannavarnanefndir, og að þær hefjist handa um uppsetningu aðvörunarkerfa, könnun á byrgjarymi og öflun vista. Settar verði og upp stjórnstöðvar. Gefinn verði út fræðslubæklingur fyrir almenning. Enn fremur er gert ráð fyrir byrjunaraðgerðum á sviði heilbrigðismála.

21. *Kostnaður við landhelgisgæzlu* hækkar um 4 450 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar 500 þús. kr. hærri en áður.

22. *Bifreiðaeftirlit ríkisins.* Bætt er við bókara, eftirlitsmanni í Reykjavík og eftirlitsmanni á Vesturlandi. Annar kostnaður hækkar um 547 þús. kr.

24. *Til húsameistara ríkisins.* Annar kostnaður hækkar um 500 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar 50 þús. kr. hærri en áður.

25. *Til bindindisstarfsemi.* Til áfengisvarnaráðs hækkar um 100 þús. kr. Til Stórstúku Íslands hækkar um 100 þús. kr.

Um 11. gr. B.

I. *Tollar:*

a. *Tollstjóraembættið í Reykjavík.* Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 50 þús. kr. Símakostnaður og burðargjöld lækkar um 50 þús. kr. vegna of hárrar áætlunar áður. Annar kostnaður hækkar um 380 þús. kr.

b. *Tollgæzla:*

1. *Í Reykjavík.* Vaktaálag hækkar um 325 þús. kr. Húsaleiga, ljós og hiti hækkar um 160 þús. kr. Símakostnaður hækkar um 10 þús. kr. og annar kostnaður um 1 050 þús. kr., einkum vegna hækkunar á aukavinnu vegna launahækkana og styttingar á vinnutíma tollvarða sbr. kjaradóm.

2. *Á Keflavíkurflugvelli.* Vaktaálag og helgidagauppbót hækkar um 244 þús. kr. Einkennisfatnaður hækkar um 25 þús. kr. Kostnaður við tolleftirlit á varnar-svæðum utan Keflavíkurflugvallar lækkar um 34 þús. kr.

3. *Utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar.* Annar kostnaður hækkar um 70 þús. kr.

II. *Kostnaður við rikisskattaneftnd og skattstofur* hækkar um 7 021 þús. kr. vegna launahækkana, stofnkostnaðar og of lágrar áætlunar. Undanfarið hefur verið unnið að endurskipulagningu á framkvæmd skattamála í samræmi við ákvæði skattalaganna frá 1962 um það efni.

Eru þessi mál nú komin í fast form og virðist hið nýja fyrirkomulag horfa mjög til bóta. Er enginn vafi á því, að hækkun á álögðum skatti á yfirstandandi ári á, auk hækkaðra tekna, einnig rót sína að rekja til bættrar framkvæmdar.

V. *Kostnaður við embættiseftirlitsferðir* hækkar um 20 þús. kr.

VI. *Innheimtulaun* hækka um 100 þús. kr.

VII. *Innheimtustofnun* hækkar um 1 567 þús. kr. vegna launahækkana og of lágrar áætlunar áður.

Um 12. gr.

I. *Landlæknisembættið.* Auk launahækkana hækkar annar kostnaður um 21 þús. kr.

II. *Héraðslæknar.* Gert er ráð fyrir launum til 63 héraðslækna, þar af 6 aðstoðarlækna og eins staðgengils, og er það óbreytt tala frá því sem verið hefur. Símakostnaður og burðargjöld hækka um 18 þús. kr.

IV. *Ríkisspítalar.* Rekstrarhalli ríkisspítalanna hækkar um 42 311 þús. kr. Þessi mikla hækkun stafar fyrst og fremst af þeim hækkunum, sem orðið hafa á föstum launum og hvers konar aukavinnu samkvæmt ákvæðum kjaradóms.

A. *Landsspítali.* Gert er ráð fyrir, að starfsliði fjölgi eins og hér segir: Einn aðstoðarlækni II. og ritara við handlæknisdeild, einn svæfingahjúkrunarmann, einn aðstoðarlækni II. í 4 mánuði við rannsóknardeild og einn líffærafræðing við sömu deild frá 1. júní 1964. Gert er ráð fyrir eftirtöldu nýju starfsfólki við meinafræðisotopastofu: 5 laborantar, 2 nemar, 1 ritari og ein starfsstúlka, en hér er um að ræða nýja deild, sem áætlað er að taki til starfa í ársbyrjun 1964. Þá er og bætt við eftirtöldu nýju starfsliði við eldhús Landsspítalans: 1 aðstoðaryfirmatráðskonu, 4 starfsstúlkum og 1 bakara. Loks er bætt við eftirtöldu starfsfólki við almenna þjónustu: 1 húsmóður (verkstjóri yfir ræstingu), 1 bifreiðarstjóra, 3 starfsstúlkum, 2 riturum og 1 bókasafnsverði. Matvörur hækka um 848 þús. kr. Kostnaður við Ljósmæðraskólann hækkar um 71 þús. kr. og annar kostnaður hækkar um 2 605 þús. kr. Tekjur hækka um 2 470 þús. kr. Rekstrarhalli Landsspítalans hækkar um 20 738 þús. kr.

B. *Fæðingardeild Landsspítalans.* Bætt er við nýjum ritara við deildina. Matvörur hækka um 208 þús. kr. og annar kostnaður um 152 þús. kr. Tekjur hækka um 687 þús. kr. Rekstrarhalli hækkar um 5 662 þús. kr.



C. *Heilsuhælið á Vífilsstöðum*. Starfsliði er fjölgað um 1 ritara og síma-stúlku og 1 félagsmálaráðunaut í hálfu starfi. Matvörur hækka um 370 þús. kr. og annar kostnaður um 993 þús. kr. Inn kemur nýr liður til brunavatnsveitu 520 þús. kr., en niður fellur 300 þús. kr. fjárveiting til skólplagna. Tekjur hækka um 985 þús. kr. Rekstrarhalli hækkar um 3 755 þús. kr.

D. *Heilsuhælið í Kristnesi*. Matvörur hækka um 190 þús. kr. og annar kostnaður um 270 þús. kr. Tekjur hækka um 920 þús. kr. Rekstrarhalli hækkar um 717 þús. kr.

E. *Geðveikrahælið á Kleppi*. Starfsliði fjölgar um 2 hjúkrunarkonur, 1 vöku-konu, 11 aðstoðarmenn á sjúkradeildum, 1 aðstoðarlækni, 1 sálfræðing, 1 félagsmálaráðunaut, 1 ritara, 1 talsímakonu og trésmið. Matvörur hækka um 627 þús. kr. og annar kostnaður um 953 þús. kr. Tekjur hækka um 2 075 þús. kr. og rekstrarhalli um 8 643 þús. kr.

F. *Fávitaðhælið í Kópavogi*. Áætlað er, að rekstur nýrrar sjúkradeildar hefjist við hælið 1. okt. 1964, og fjölgar starfsliði sem hér segir frá þeim tíma: 1 deildargæzlusystir, 1 gæzlusystir, 1 starfsstúlka, 3 aðstoðarmenn, 1 kennari, 2 starfsstúlkur í eldhúsi og 1 vélavörður. Matvörur hækka um 239 þús. kr. og annar kostnaður um 400 þús. kr. Tekjur hækka um 835 þús. kr. og rekstrarhalli hækkar um 2 330 þús. kr.

G. *Holdsvæikraspítalinn í Kópavogi*. Annar kostnaður hækkar um 25 þús. kr.

H. *Blóðbankinn*. Starfsfólki fjölgar um aðstoðarstúlku við blóðtöku og rannsóknir. Annar kostnaður hækkar um 105 þús. kr. Tekjur hækka um 60 þús. kr. og rekstrarhalli hækkar um 337 þús. kr.

V. *Rannsóknarstofa háskólans*. Starfsfólki fjölgar um aðstoðarlækni, rannsóknarkonu og ritara. Annar kostnaður hækkar um 548 þús. kr. Tekjur hækka um 20 þús. kr. og rekstrarhalli hækkar um 2 307 þús. kr.

VIII. *Styrkur til heilsuverndarstöðva í kaupstöðum* hækkar um 250 þús. kr.

X. *Embætti skólayfirlæknis*. Auk hækkunar á launum hækkar annar kostnaður um 4 þús. kr.

XIII. *Kostnaður, er leiðir af fyrirmælum farsóttarlaga* hækkar um 300 þús. kr.

XVI. *Til læknisvitjanasjóðs* hækkar um 10 þús. kr.

XXIV. *Til vírusrannsókna* lækkar um 15 þús. kr.

XXVII. *Tillag til alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar* hækkar um 65 þús. kr.

XXVIII. *Útgjöld vegna framkvæmda lyfsölulaga* er nýr liður 100 þús. kr. Niður falla tveir liðir í gildandi fjárlögum, til héraðshjúkrunarkvænna 35 þús. kr. og byggingarstyrkur til heilsuhælis Náttúrulækningafélags Íslands 200 þús. kr.

#### Um 13. gr. A.

Endurskoðun á gildandi vegalögum er nú að ljúka og eru tillögur frumvarps þessa um fjárframlög til vegamála á árinu 1964 ekki endanlegar.

I. *Stjórn og undirbúningur vegagerða*. Ferðakostnaður verkfræðinga og til aðstoðar og mælinga hækkar um 200 þús. kr. Fært á ýmis verk af ferðakostnaði og launum verkfræðinga hækkar um 550 þús. kr. Annar skrifstofukostnaður hækkar um 190 þús. kr.

II. *Þjóðvegir*. Greiðslur af vegalánum er nýr liður. Hér er um að ræða vexti og afborganir af föstum lánnum vegna fjögurra vega, Reykjanesbrautar, Siglu-fjarðarveggar ytri, Múlavegar og Hellissandsveggar um Ólafsvíkurenni. Vextir af lánnum þessum nema 3 991 þús. kr. og afborganir 6 455 þús. kr. Lánin eru yfirleitt til 15 ára og vextir 8,5—9,5% p. a. Vegaviðhald hækkar um 7 millj. kr.

VI. *Til áhalda*. Til bókasafns verkamanna hækkar um 5 þús. kr.

XIII. *Styrkur til að halda uppi byggð og gistingu fyrir ferðamenn* lækkar um 105 þús. kr.

XIV. *Til fyrrverandi verkstjóra og verkstjóraekkna* hækkar um 18 þús. kr.

XV. *Iðgjöld til slysátvægingar* hækka um 50 þús. kr.

XVI. *Gjöld samkv. lögum nr. 16/1943, um orlof verkamanna*, hækka um 500 þús. kr.

XVII. *Atvinnuleysistryggingagjöld* hækka um 20 þús. kr.

#### Um 13. gr. B.

I. *Skipaútgerð ríkisins*. Hallinn hækkar um 5 millj. kr. m. a. vegna kauphækkana og aukins rekstrarkostnaðar að öðru leyti.

III. *Til byggingar flóabáta fyrir farsvæði Djúpbáts og Breiðafjarðarbáts* lækkar um 3 millj. kr. Er það í samræmi við þá áætlun, sem gerð var, er heitið var stuðningi við þessar framkvæmdir.

I. *Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála*. Annar skrifstofukostnaður hækkar um 200 þús. kr. Ferðakostnaður og fæðispeningar hækkar um 15 þús. kr.

II. *Laun vitavarða* hækka um 165 þús. kr. Aukagæzla og aðstoð hækkar um 10 þús. kr.

III. *Rekstrarkostnaður vitanna*. Rekstur vitaskips hækkar um 500 þús. kr. og vitanna um 300 þús. kr.

X. *Greiðslur af hafnarlánnum* er nýr liður. Undir þessum lið eru vextir og afborganir af erlendum framkvæmdalánnum, þ. e. af 5 millj. kr. láni til Landshafnar í Keflavík—Njarðvík (644 þús.), af 17 millj. kr. láni til Landshafnar í Rífi (2 168 þús.) og einnig vegna nokkurra annarra smærri PL-480 lána til sömu hafnar (450 þús.) og loks af um 50 millj. kr. láni til hafnargerðar í Þorlákshöfn (6 605 þús.).

XI. *Ferjubryggjur* lækkar um 200 þús. kr.

#### Um 13. gr. D.

I. *Stjórn flugmála*. Fjölgað er um einn gjaldkera. Aukavinna, 175 þús. kr. í fjárlögum þessa árs, fellur niður. Annar kostnaður hækkar um 50 þús. kr.

II. *Reykjavíkurflugvöllur*:

2. *Slökkviliðsdeild*. Fjölgað er um 4 slökkviliðsmenn. Aukavinna og vaktaálág hækkar um 896 þús. kr., en annar kostnaður lækkar um 250 þús. kr.

3. *Vélaverkstæði*. Aukavinna hækkar um 5 þús. kr. Laun vélvirkja og tíma-kaupsmanna hækka um 100 þús. kr. Efni og varahlutir hækka um 50 þús. kr. Benzín og olíur lækka um 100 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 100 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar jafnháar gjöldum.

4. *Trésmiðaverkstæði*. Aukavinna er nýr liður að upphæð 50 þús. kr. Laun trésmiða og aðstoðarmanna hækka um 94 þús. kr. Efni og verkfæri lækkar um 135 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar jafnháar gjöldum.

5. *Viðhald og varðveizla mannvirkja*. Aukavinna hækkar um 3 þús. kr. Laun verkamanna hækka um 175 þús. kr. Efni, aðkeypt vinna, viðgerðir o. fl. hækkar um 250 þús. kr.

6. *Rafmagnsverkstæði*. Seld vinna og efni hækkar um 25 þús. kr.

7. *Annar kostnaður* hækkar um 200 þús. kr.

III. *Keflavíkurflugvöllur*:

1. *Skrifstofukostnaður*. Annar kostnaður hækkar um 18 þús. kr.

2. *Flugumferðarstjórn*. Vaktaálág og aukavinna hækkar um 510 þús. kr.

3. *Radíódeild*. Aukavinna hækkar um 20 þús. kr.

4. *Tryggingagjöld* hækka um 60 þús. kr.

IV. *Aðrir flugvellir*:

1. *Framkvæmdastjórn* hækkar um 750 þús. kr. vegna launahækkana og of lágrar áætlunar. Fært á aðra liði hækkar um 650 þús. kr.

2. *Akureyrarflugvöllur* hækkar um 50 þús. kr.

3. *Egilsstaðaflugvöllur* hækkar um 50 þús. kr.

4. *Vestmannaeyjaflugvöllur* hækkar um 52 þús. kr.
  5. *Sauðárkróksflugvöllur* hækkar um 35 þús. kr.
  - V. *Flugöryggisþjónusta*:
    - A. *Framkvæmdastjórn*. Annar kostnaður hækkar um 20 þús. kr.
    - B. *Flugumferðarstjórn*:
      1. *Upplýsingaþjónustan*. Annar kostnaður hækkar um 10 þús. kr.
      2. *Flugumferðarstjórn, Reykjavík*. Vaktaálag og aukavinna hækkar um 215 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 745 þús. kr. m. a. vegna of lágrar áætlunar.
      3. *Flugumferðarstjórn, Akureyri*. Aukavinna hækkar um 15 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 134 þús. kr. m. a. vegna of lágrar áætlunar.
      4. *Flugumferðarstjórn, Vestmannaeyjum*. Aukavinna hækkar um 5 þús. kr. og annar kostnaður um 15 þús. kr.
      5. *Flugumferðarstjórn, Egilsstöðum*. Annar kostnaður hækkar um 20 þús. kr.
      6. *Flugumferðarstjórn, Ísafirði*, er nýtt sem sérstakur liður á fjárlögum.
      7. *Flugumferðarstjórn, Hornafirði*, er nýtt sem sérstakur liður á fjárlögum. Þessi liður og sá síðast taldi valda brottfalli á X. lið á 13. gr. D. í fjárlögum þessa árs, en þar eru veittar 400 þús. kr. til flugöryggiskerfis.
    - C. *Flugfarskiptistöðvar og radióvitar*:
      2. *Víðhald stöðvanna*. Aðalbreytingin frá fjárlögum í ár er sú, að tekjur radióverkstæðanna eru áætlaðar jafnháar gjöldum, en í fjárlögum þessa árs er gert ráð fyrir kr. 422 574.00 halla samtals á verkstæðunum.
      3. *Rekstur stöðvanna*. Hallinn hækkar um 125 þús. kr.
  - VI. *Kostnaður við alþjóðaflugmálastofnunina og flugmálaráðstefnur*:
    3. *ICAO-deild*. Annar kostnaður hækkar um 40 þús. kr.
  - IX. *Loftferðaeftirlit*. Til flugskráningar hækkar um 31 þús. kr., en annar kostnaður hækkar um 10 þús. kr.
  - X. *Alþjóðaflugþjónustan*. Flugfarskiptaþjónustan hækkar um 4.2 millj. kr. Flugveðurþjónustan hækkar um 2.3 millj. kr. Flugumferðarstjórn hækkar um 3.0 millj. kr. Alþjóðatillagið hækkar um 8.8 millj. kr. og innlenda framlagið um 745 þús. kr.
- Tekjur af Reykjavíkurflygvelli hækka um 2.6 millj. kr. og tekjur af öðrum flygvöllum um 100 þús. kr.

Um 13. gr. E.

- I. *Almenn veðurþjónusta*:
  - A. *Yfirstjórn og skrifstofa*. Aukavinna hækkar um 25 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 10 þús. kr.
  - B. *Veðurstofan á Reykjavíkurflygvelli*. Aukavinna og vaktaálag hækkar um 100 þús. kr. Þóknun veðurathugunarmanna hækkar um 120 þús. kr. Símakostnaður og annar kostnaður eru nú aðskildir og hækka um 192 þús. kr. samtals.
  - C. *Loftskeytadeild*. Aukavinna hækkar um 47 þús. kr.
  - D. *Veðurfarsdeild*. Aukavinna hækkar um 50 þús. kr. Þóknun veðurathugunarmanna hækkar um 31 þús. kr. og annar kostnaður um 30 þús. kr.
  - E. *Áhaldadeild*. Bætt er við áhaldasmið. Aukavinna hækkar um 8 þús. kr. og annar kostnaður um 10 þús. kr.
  - F. *Jarðeðlisfræðideild*. Aukavinna hækkar um 11 þús. kr. Ný jarðskjálftastöð á Austurlandi er nýr liður að upphæð 10 þús. kr. Endurgreiðsla vegna flugveðurþjónustu hækkar um 206 þús. kr.
- III. *Veðurþjónusta vegna millilandaflugs*. Ráðuneytið hefur tekið áætlun veðurstofustjóra óbreytta inn í frumvarpið, enda er hún í samræmi við áætlun þá, sem send er alþjóðaflugmálastofnuninni.

Um 13. gr. F.

- I. *Ferðaskrifstofa ríkisins*. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 60 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 160 þús. kr. Upplýsingaskrifstofa í London

er nýr liður að upphæð 220 þús. kr. Hér er um að ræða greiðslu á eftirstöðvum skuldar vegna rekstrar upplýsingaskrifstofu í London á árunum 1958—1961, sem rekin var í félagi við Flugfélag Íslands. Hóteleftirlit fellur niður, þar sem það hefur verið lagt undir embætti landlæknis, sjá 13. gr. F. XII. Tekjur hækka um 446 þús. kr.

II. *Skipaskoðun ríkisins*. Bætt er við rafmagnseftirlitsmanni og skipaverkfræðingi. Ferðakostnaður hækkar um 150 þús. kr. Til fræðslumyndar um notkun gúmmibáta er nýr liður að upphæð 75 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 100 þús. kr. Tekjur hækka um 1 millj. kr. og er gert ráð fyrir því, að þeim verði náð með hækkun gjaldskrár.

III. *Stýrimannaskólinn*. Stundakennsla og prófkostnaður hækkar um 275 þús. kr. Húsaleiga hækkar um 17 þús. kr. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 40 þús. kr. Til námskeiða utan Reykjavíkur hækkar um 10 þús. kr.

IV. *Sjómannaskólahúsið*. Annar kostnaður hækkar um 229 þús. kr. Tekjur hækka á móti og eru áætlaðar jafnháar gjöldum.

V. *Til Matsveina- og veitingaþjónaskóla*. Stundakennsla hækkar um 42 þús. kr. og annar kostnaður um 15 þús. kr.

VI. *Til landmælinga*. Prentun landabréfa hækkar um 50 þús. kr. og annar kostnaður um 25 þús. kr.

VII. *Til sjómælinga og sjókortagerðar*:

1. *Sjómælingar*. Mælingavinna hækkar um 60 þús. kr. og annar kostnaður um 10 þús. kr.

2. *Sjókortagerð*. Prentun hækkar um 130 þús. kr. m. a. vegna of lágrar áætlunar. Efni hækkar um 25 þús. kr. Annar kostnaður lækkar um 50 þús. kr. Tekjur hækka um 60 þús. kr.

X. *Til Ferðamálasjóðs*. Þessi liður kemur í stað liðarins til gistihúsasjóðs í núverandi fjárlögum, en væntanlega verður gengið formlega frá stofnun ferðamálasjóðs á þessu þingi.

XII. *Til gisti- og veitingastaðaeftirlits samkv. lögum nr. 53/1963* er nýr liður, en samkvæmt lögum þessum skal ráða sérfróðan mann til þess að hafa á hendi, undir stjórn landlæknis, eftirlit með starfsemi gisti- og veitingastaða.

#### Um 14. gr. A.

I. a. *Háskóli Íslands*. Auk launahækkana hækka eftirtaldir liðir sem hér segir: Hiti, ljós og ræsting 200 þús., prófkostnaður 30 þús., til tannlækningastofu 170 þús., til kennslu í lyfjagerð 22 þús., til landmælinga 15 þús., heimsóknir erlendra vísindamanna 30 þús., til félagsstarfsemi stúdenta 10 þús., námskeið í uppeldisfræðum 17 þús. og óviss útgjöld 130 þús. kr. Til rannsókna í efnafræði 40 þús. kr. er nýr liður. Eftirtaldir liðir lækka: Fasteignagjöld og tryggingar 30 þús., ípróttakennsla 20 þús. og liðurinn húsaleiga rektors 24 þús. kr. er felldur niður. Auk hækkana á föstum launum og stundakennslu hækkar fjárveiting til Háskóla Íslands því um 590 þús. kr.

I. b. *Tilraunastofa háskólans á Keldum*. Fyrir utan launahækkanir, hækkar annar kostnaður um 856 þús. kr. og tekjur hækka um 1 millj. kr. Reksturshalli hækkar um 26 þús. kr.

II. *Handritastofnun Íslands*. Til handritastofnunarinnar hækkar um 1 274 þús. kr., þar af 1 millj. kr. til útgáfu handrita.

III. *Til styrktar islenskum námsmönnum* hækkar um 662 þús. kr., þar af til lánasjóðs isl. námsmanna 296 þús. kr.

IV. *Fræðslumálastjóraembættið*. Annar kostnaður hækkar um 170 þús. kr. og inn kemur nýr liður til kaupa á húsgögnum, 133 þús. kr., vegna flutnings embættisins í nýtt húsnæði.

V. *Menntaskólinn í Reykjavík*. Kennurum fjölgar um sex og hækka laun af þeim sökum um 840 þús. kr. fyrir utan aðrar launahækkanir. Ljós, hiti og ræst-

ing hækkar um 125 þús. kr., viðhald um 250 þús. kr. og styrkur til bókasafns um 10 þús. kr. Styrkur til bókasafnsins Íþöku hækkar um 5 þús. kr., til námsferða um 7 þús. kr., til kennsluáhalda um 70 þús. kr. og húsaleiga um 150 þús. kr. Nýr liður er til brunavarna, 150 þús. kr. Annar kostnaður lækkar um 400 þús. kr., hefur verið of hátt áætlaður.

VI. *Menntaskólinn á Akureyri*. Tala kennara er óbreytt. Eftirtaldir liðir hækka: Hiti, ljós og ræsting 10 þús. kr. og viðhald 250 þús. kr.

VII. *Menntaskólinn á Laugarvatni*. Starfslið er óbreytt. Húsnæði, ljós, hiti og ræsting hækkar um 15 þús. kr., námsstyrkir um 4 þús. kr., til bókaokaupa og áhalda um 15 þús. kr., annar kostnaður um 70 þús. kr. og viðhaldskostnaður um 35 þús. kr.

VIII. 1. *Kennaraskólinn*. Bætt er við fjórum nýjum kennurum og hækka laun af þeim sökum um 560 þús. kr. auk annarra launahækkana. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 270 þús. kr., til bóka og áhalda um 12 þús. kr., námsstyrkir um 10 þús. kr., viðhald um 25 þús. kr., annar kostnaður um 40 þús. kr. og til húsnæðis utan skólans hækkar um 80 þús. kr. Inn kemur nýr liður, til námsferða 10 þús. kr.

VIII. 2. *Handiðadeild*. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 15 þús. kr. og annar kostnaður um 10 þús. kr. Til áhaldakaupa lækkar um 10 þús. kr.

IX. *Vélskólinn*. Til verklegrar kennslu hækkar um 5 þús. kr., hiti, ljós og ræsting um 12 þús. kr. og annar kostnaður hækkar um 27 þús. kr.

X. *Iðnfræðsla*. Kennurum við iðnfræðsluna fjölga um tvo. Stundakennsla og annar kostnaður er nú áætlaður 4 612 þús. kr. og hækka þessir liðir um 1 098 þús. kr.

XI. *Til undirbúnings tæknináms á Akureyri og í Reykjavík* er nýr liður, 370 þús. kr. Er hér um að ræða kostnað vegna reksturs undirbúningsdeilda undir tæknináms, en slík námskeið er ætlunin að halda bæði í Reykjavík og á Akureyri næstkomandi skólaár.

XII. *Almenn barnafræðsla*. Framlög til barnafræðslu hækka alls um 58 195 þús. kr. frá fjárlögum 1963. Laun kennara hækka um 43 609 þús. kr., en gert er ráð fyrir 28 nýjum kennurum. Stundakennsla hækkar um 681 þús. kr. og ljós, hiti, ræsting, prófkostnaður og annar kostnaður hækkar um 3 543 þús. kr. Viðhaldskostnaður og húsaleiga hækkar um 1 232 þús. kr. Til framkvæmdar sundskyldu í skólum hækkar um 492 þús. kr. og framlag til byggingar barnaskóla í smíðum hækkar um 8 637 þús. kr. Þá er og í frumv. gert ráð fyrir 8 500 þús. kr. til byggingar nýrra skóla og er það sama fjárhæð og er í fjárlögum nú.

XIII. *Gagnfræðamenntun*. Framlög til gagnfræðamenntunar hækka samtals um kr. 35 330 þús. Kennurum fjölga um 36. Föst laun hækka um 23 659 þús., stundakennsla um 2 395 þús., hiti, ljós og ræsting um 485 þús., prófkostnaður um 110 þús., viðhaldskostnaður um 69 þús. og annar kostnaður um 1 484 þús. Framlag til bygginga skóla, sem eru í smíðum, hækkar um 4 706 þús. kr. Þá lækka tekjur héraðsskóla um 422 þús. kr., sem stafar af því að í fjárlögum 1963 er áætlun fyrir tvö ár, vegna yfirtöku ríkissjóðs á héraðsskólum.

XVII. *Húsmæðrafræðsla í kaupstöðum*:

1. *Húsmæðrakennaraskóli Íslands*. Tala kennara er óbreytt. Laun hækka um 178 þús. kr., prófkostnaður um 2 400 kr., til kennsluáhalda hækkar um 10 þús. kr., viðhaldskostnaður um 10 þús. kr., og tveir nýir liðir eru æfingakennsla 35 þús. kr. og námsstyrkir 10 þús. kr. Kostnaður við námsdvöl að Laugarvatni 30 þús. kr. er felldur niður, enda er ekki um slíka námsdvöl að ræða nema annað hvort ár. Alls hækkar kostnaður við skólann um 215 þús. kr.

2.—5. *Húsmæðraskólar í kaupstöðum*. Tala kennara er óbreytt. Laun hækka um 515 þús. kr. og stundakennsla, ljós, hiti, ræsting, húsaleiga, viðhald og annar kostnaður um 205 þús. kr.

XVIII. *Hjúkrunarskóli Íslands*. Hér er um að ræða nýjan lið á þessari grein, en hefur áður verið á 12. gr. með heilbrigðismálum. Gert er ráð fyrir tveim nýj-

um kennurum. Fæðiskostnaður hækkar um 55 þús. kr. og annar kostnaður um 200 þús. kr. Tekjur hækka um 100 þús. kr. Reksturshalli hækkar um 1 413 þús. kr.

XIX. *Til íþróttamála.* Til íþróttaskóla Sigurðar Greipssonar hækkar um 10 þús. kr., en niður fellur 75 þús. kr. fjárveiting til stofnkostnaðar við íþróttaskólann í Reykjadal í Mosfellssveit.

XX. *Til kennslu heyrnar- og málleysingja.* Fæðiskostnaður hækkar um 25 þús. kr. Nýir liðir eru til námsferða og bókasafns 3 500 kr. Viðhaldskostnaður lækkar um 10 þús. kr.

XXI. *Styrkur til náms eða hælsvistar stúlkna, sem lent hafa á glapstígum,* hækkar um 80 þús. kr.

XXII. *Kostnaður við barnaverndarráð* hækkar um 20 þús. kr.

XXX. *Til dvalarheimilis fyrir afvegaleidd börn og unglinga* hækkar um 342 þús. kr.

XXXIV. Hér kemur inn nýr liður, til íslenzkunámskeiðs fyrir norska menntaskólakennara 75 þús. kr.

XXXIX. *Námsstjórar.* Annar kostnaður hækkar um 7 þús. kr. og annar kostnaður fræðslustjórans í Reykjavík hækkar um 120 þús. kr.

XL. *Endurskoðun skólakostnaðar.* Annar kostnaður hækkar um 180 þús. kr. vegna flutnings í nýtt húsnæði.

XLI. Hér kemur inn nýr liður, 10 millj. kr., sem er áætlaður hluti ríkissjóðs af kostnaði vegna yfirvinnu fastra kennara, eftirvinnu og eyður í stundaskrá svo og hækun stundakennarakaups við barna-, gagnfræða-, iðn- og húsmæðraskóla. Enn sem komið er liggur ekki ljóst fyrir, hver kostnaður verður á hvern skóla af þessum sökum, og hefur því verið horfið að því ráði að áætla laun hér í einu lagi að þessu sinni.

XLVII. *Framlag til lækkunar á skuldum stúdentagarðanna* 240 þús. kr. er nýr liður að þessu sinni, en fjárveiting til þessa féll niður af vangá í þessa árs fjárlögum.

#### Um 14. gr. B.

I. *Landsbókasafnið.* Starfsmönnum fjölgar um tvo. Til samningar og prentunar íslenzkrar bókaskrár hækkar um 45 þús. kr. og ýmisleg gjöld um 23 þús. kr. Tveir liðir falla niður frá fjárlögum 1963, til innréttingar hússins 200 þús. kr. og til skráningar íslenzkra kvæða 30 þús. kr.

II. *Þjóðskjalasafnið.* Tala starfsmanna er óbreytt. Til bókbands, bóka- og handritakaupa og til umbúnaðar skjala hækkar um 10 þús. kr. og ýmisleg gjöld lækka um 5 þús. kr.

III. *Þjóðminjasafnið.* Tala starfsmanna er óbreytt. Til aðstoðar, tímavinnu o. fl. hækkar um 35 þús. kr., til rannsókna og ferðakostnaðar hækkar um 5 þús. kr., til viðhalds húss og lóðar hækkar um 6 þús. kr., til rekstrar hússins hækkar um 40 þús. kr., til byggðasafna hækkar um 200 þús. kr. og einn nýr liður er tekinn með, til þjóðháttadeildar 120 þús. kr. Þrír liðir falla niður úr gildandi fjárlögum, til þjóðfræðasöfnunar 30 þús. kr., til endurbóta á skrifstofu 50 þús. kr. og til að minnast 100 ára afmælis safnsins 125 þús. kr.

V. *Listasafn Íslands.* Auk launahækkana hækkar annar kostnaður um 16 þús. kr.

VI. *Náttúrugripasafnið.* Tala starfsmanna er óbreytt. Til fuglamerkinga hækkar um 4 þús. kr. og hiti, ljós, ræsting og önnur gjöld lækka um 10 þús. kr. Til útgáfu myndaskrár 50 þús. kr. er nýr liður, og er hér um að ræða fyrstu greiðslu af þremur.

XI. *Safnahúsið.* Til hita, ljósa og opinberra gjalda hækkar um 32 þús., til viðhalds, áhalda og ræstingar hækkar um 6 þús. kr. og ýmis gjöld um 2 þús. kr.

XII. a. *Framlag til bókasafna samkvæmt lögum nr. 22/1963, um almenn-*

*ingsbókasöfn.* Þessi liður hækkar um 2 508 þús. kr. frá gildandi fjárlögum, en á síðasta Alþingi voru samþykkt lög um almenningsbókasöfn, sem taka gildi 1. jan. 1964, og valda ákvæði þeirra þessum kostnaðarauka.

b. *Styrkir til bókasafna og lesstofa.* Þessir liðir eru allir óbreyttir frá gildandi fjárlögum, nema fjárveiting til Fræðslumyndasafns ríkisins er hækkuð um 55 þús. kr.

XIII. *Styrkir til bókaútgáfu o. fl.* Þessi liður hækkar um 98 þús. kr. Helzta breytingin, sem gerð hefur verið á þessum lið, er sú, að eftirtaldir fimm styrkir eru felldir niður úr gildandi fjárlögum: Til greiðslu kostnaðar við norrænu menningarmálanefndina 50 þús. kr., til bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs 80 þús. kr., vegna þátttöku Íslands í útgáfu safnrita um menningarsögu Norðurlanda til 1550 75 þús. kr., til norræna sumaráskólans 30 þús. kr. og til norræns blaðamannanámsskeiðs í Árósum 25 þús. kr. Samtals nema þessir liðir 260 þús. kr. Í stað þeirra er tekinn upp nýr liður, til norræns samstarfs 500 þús. kr., þannig að framlög til þessara mála hækka um 240 þús. kr.

LXXXVII. *Til Bridgesambands Íslands*, kr. 60 þús., er nýr liður.

Um 15. gr.

I. *Biskupsembættið.* Skrifstofukostnaður hækkar um 165 þús. kr. vegna flutnings embættisins í nýtt húsnæði, og ferðakostnaður biskups hækkar um 30 þús. kr.

II. *Embætti sóknarpresta og prófasta.* Fjölgað er um sjö presta. Síma- og frímerkjakostnaður hækkar um 75 þús. kr. Húsaleigutekjur presta hækka um 40 þús. kr.

XII. *Árgjöld þjóðkirkjunnar til erlendra kirknasambanda* hækka um 25 þús. kr.

XV. *Umsjónarmaður með kirkjugörðum*, sbr. 4. gr. laga um kirkjugarða nr. 21/1963, er nýr liður að upphæð 125 þús. kr.

XVI. *Framlag til kirkjugarðasjóðs*, skv. 27. gr. laga nr. 21/1963, um kirkjugarða, er nýr liður að upphæð 100 þús. kr.

XVIII. *Kostnaður við kirkjuþing* hækkar um 25 þús. kr.

XXI. *Kostnaður við Skálholtshátíð* er nýr liður að upphæð 725 þús. kr. Er hér um að ræða kostnað við hátíð þá, er haldin var s. l. sumar í tilefni af vígslu Skálholtskirkju.

XXII. *Eftirstöðvar af byggingarkostnaði við Skálholtskirkju.* Liðurinn hækkar um 700 þús. kr. Er hér um að ræða eftirstöðvar af áföllnum byggingarkostnaði Skálholtskirkju við afhendingu hennar til þjóðkirkjunnar 21. júlí s. l.

XXIII. *Til Skálholtsstaðar*, sbr. 2. gr. laga um heimild til afhendingar Skálholts, er nýr liður að upphæð 1 millj. kr.

Um 16. gr. A.

1. *Til Búnaðarfélags Íslands* hækkar um 1 766 þús. kr., þar af er launahækkun 1 356 þús. kr., en annar kostnaður um 410 þús. kr.

3. *Til greiðslu kostnaðar af starfi veiðistjóra* lækkar um 117 þús. kr.

4. *Til búreikningaskrifstofu* lækkar um 25 þús. kr.

5. *Gjöld samkvæmt jarðræktarlögum* eru áætluð óbreytt að öðru leyti en því, að lögboðinn hluti af kaupum héraðsráðunauta hækkar um 653 þús. kr. og til stjórnar vélasjóðs hækkar um 50 þús. kr.

9. *Til búfjárræktar samkvæmt lögum nr. 54/1957.* Almennur styrkur til nautgriparræktarféлага lækkar um 27 þús. kr. og styrkur til sauðfjárbótubúa lækkar um 5 þús. kr. Styrkur til sauðfjárræktarféлага hækkar um 35 þús. kr. og til afkvæmarannsóknarstöðva sauðfjár hækkar um 5 þús. kr. Til hrossakynbótubúsins á Hólum er nýr liður, 21 þús. kr. Til sæðingarstöðva hækkar um 76 þús. kr.

12. *Til jarðræktartilrauna*. Rekstrarkostnaður hækkar um 200 þús. kr., til framkvæmda á áveitulandi í Flóa hækkar um 5 þús. kr. og til útgáfustarfsemi hækkar um 20 þús. kr.

20. *Til sandgræðslu*. Til nýrra sandgræðslugirðinga hækkar um 275 þús. kr. og skrifstofukostnaður hækkar um 8 þús. kr.

22. *Til skógræktar*. Skrifstofukostnaður hækkar um 30 þús. kr., til byggingar skógarvarðabústaða hækkar um 5 þús. kr., en vextir og afborganir af skuldum lækka um 27 þús. kr.

25. *Veiðimálaskrifstofan*. Útgáfukostnaður hækkar um 10 þús. kr. og annar kostnaður um 120 þús. kr.

26. *Kostnaður við veiðimálanefnd og veiðieftirlit og styrkir til fiskræktar* hækkar um 95 þús. kr.

28. *Til dýralækna*. Gert er ráð fyrir launum til eins nýs dýralæknis umfram það, sem var árið 1963. Aðrir liðir en laun eru áætlaðir óbreyttir.

32. *Kostnaður við sauðfjársjúkdómavarnir*. Kostnaður við sauðfjársjúkdómamefnd hækkar um 351 þús. kr. Bætur vegna fjárförgunar, uppeldisstyrkur og aðrar bætur og styrkir hækka um 8 650 þús. kr. og er þá miðað við, að fjárskipti fari fram í Suður-Döllum á næsta hausti. Er þar um að ræða 18 þús. fjár og nema afurðatjónsbætur á þá tölu 9 millj. kr. Auk þess þarf að greiða bætur vegna fjárskipta á nokkrum öðrum bæjum. Kostnaður við vörzlu hækkar um 100 þús. kr., en nýjar girðingar lækka um 50 þús. kr. Viðhald girðinga hækkar um 50 þús. kr. og til rannsóknna um 150 þús. kr. Til greiðslu vaxtamismunar af lánum vegna fjárförgunar hækkar um 40 þús. kr.

39. *Til ráðningastofu landbúnaðarins* lækkar um 15 þús. kr.

40. *Búnaðarkennsla:*

a. *Bændaskólinn á Hólum*: Hiti, ljós og ræsting hækkar um 30 þús. kr. og til tilrauna um 5 þús. kr. Til kennsluáhalda hækkar um 5 þús. kr., annar kostnaður um 5 þús. kr. og inn kemur nýr liður, til bókasafns 10 þús. kr.

b. *Bændaskólinn á Hvanneyri*. Stundakennsla hækkar um 20 þús. kr., hiti, ljós og ræsting um 35 þús. kr., viðhald um 37 þús. kr. og til framhaldsdeildar um 11 þús. kr. Til undirbúnings framhaldsnáms hækkar um 10 þús. kr., annar kostnaður um 10 þús. kr. og kostnaður vegna 75 ára afmælis skólans 50 þús. kr. er nýr liður.

c. *Garðyrkjuskólinn á Reykjum*. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 5 þús. kr., til kennsluáhalda og verkfærakaupa um 5 þús. kr. og viðhald skólahúss um 30 þús. kr. Til jarðborana hækkar um 20 þús. kr. og annar kostnaður um 15 þús. kr.

41. *Húsmæðraskólar utan kaupstaða*. Tala kennara er óbreytt, en laun hækka um 1 512 þús. kr. Stundakennsla, annar kostnaður og viðhaldskostnaður hækkar um 679 þús. kr.

46. *Mat á landbúnaðarafurðum*. Auk launahækkana hækkar ferðakostnaður um 10 þús. kr.

#### Um 16. gr. B.

1. *Til Fiskifélags Íslands* hækkar um 1 728 þús. kr. Þar af eru launahækkunarir 1 498 þús. kr. og annar kostnaður um 230 þús. kr.

8. *Til aflatryggingarsjóðs samkvæmt lögum* hækkar um 3 millj. kr.

10. *Kostnaður við mat á sjávarafurðum:*

a. *Fiskmat*. Ferðakostnaður hækkar um 70 þús. kr. og tillag vegna starfsbindingar 34 fiskmatsmanna við skreiðar- og saltfiskmat á öllu landinu er nýr liður, 510 þús. kr., en niður fellur 90 þús. kr. fjárveiting, sem var aukavinna sex fiskmatsmanna.

b. *Sildarmat*. Tímakaup matsmanna hækkar um 142 þús. kr. og annar kostnaður um 19 þús. kr. Tekjur af sildarmati eru áætlaðar hækka um 250 þús. kr.

d. *Ferðakostnaður matsmanna* hækkar um 130 þús. kr.



Um 16. gr. C.

2. *Til iðnaðarmálastofnunar Íslands* hækkar um 700 þús. kr., m. a. vegna launahækkana.

10. *Til framhaldsnáms iðnaðarmanna erlendis* hækkar um 85 þús. kr.

11. *Til vörusýninga og vörukynningar erlendis* hækkar um 50 þús. kr.

12. *Öryggiseftirlit ríkisins*. Þóknun til skoðunarmanna, sem ekki taka föst laun úr ríkissjóði, hækkar um 20 þús. kr. og annar kostnaður hækkar um 85 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar jafnháar gjöldum eins og verið hefur.

14. *Kostnaður við vörumerkjaskráningu* hækkar um 6 þús. kr.

15. *Til verkstjóranámskeiða* hækkar um 50 þús. kr.

Um 16. gr. D.

*Raforkumál*. Nú fer fram heildarathugun á fjármálum Rafmagnsveitna ríkisins og Raforkusjóðs með það fyrir augum að finna leiðir til frambúðarlausnar á þeim málum og í því sambandi, hver áhrif þær leiðir, sem til greina koma, hafi á framtíðarþróun raforkumála hér, skipulag þeirra og stjórn. Verða tillögur um þetta efni væntanlega lagðar fyrir Alþingi það tímanlega að taka megi tillit til þeirra við afgreiðslu fjárlaga.

Um 16. gr. E.

I. *Atvinnudeild Háskólans:*

1. *Iðnaðardeild*. Starfsmönnum fjölgar um einn efnafræðing frá 1. júlí 1964 og einn aðstoðarmann allt árið. Til hagnýtra jarðfræðirannsóknna og iðnaðar-rannsóknna hækkar um 50 þús. kr. og annar kostnaður um 70 þús. kr. Tekjur hækka um 250 þús. kr.

2. *Fiskideild*. Bætt er við einum sérfræðingi frá 1. júlí og aðstoðarmanni á skrifstofu allt árið. Annar kostnaður hækkar um 200 þús. kr.

3. *Búnaðardeild*. Tala starfsmanna er óbreytt. Annar kostnaður hækkar um 200 þús. kr., kortlagning jarðvegs um 15 þús. kr., gróðurkortagerð afréttarlanda um 50 þús. kr. Annar kostnaður fjárræktarbúsins á Hesti hækkar um 90 þús. kr. og tekjur um 50 þús. kr. Annar kostnaður tilraunabúsins á Korpúlfsstöðum hækkar um 50 þús. kr.

4. *Sameiginlegur kostnaður*. Tala starfsmanna er óbreytt. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 50 þús. kr., til viðhalds húss um 10 þús. kr., húsaleiga um 70 þús. kr. og annar kostnaður hækkar um 50 þús. kr.

II. *Til rannsóknarráðs*. Annar kostnaður hækkar um 30 þús. kr.

III. *Löggildingarstofan*. Annar kostnaður hækkar um 40 þús. kr., en tekjur um 180 þús. kr.

Um 17. gr.

I. *Sveitarstjórnarmál:*

1. *Eftirlit með skipulagi bæja og sveitaborpa*. Ferðakostnaður og eftirlit hækkar um 15 þús. kr. Mælingakostnaður hækkar um 72 þús. kr. Kostnaður við loftmyndatöku og útteiknun korta hækkar um 150 þús. kr. Kostnaður við samkeppni um skipulag miðbæjarins á Akureyri lækkar um 40 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 75 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar jafnháar gjöldum.

2. *Til Bjargráðasjóðs Íslands* hækkar um 15 þús. kr.

4. *Til aðstoðar ríkisins við landakaup kaupstaða og kauptúna* hækkar um 1 millj. kr. Þessi liður er á 20. gr. í fjárlögum nú.

5. *Til Egilsstaðakaupþúns samkv. lögum nr. 58/1957* hækkar um 250 þús. kr. vegna lagningar skulpveitu í kauptúninu.

II. *Húsnæðismál:*

1. *Húsnæðismálastofnun ríkisins*. Til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði, sbr. 4. gr. laga nr. 56/1962, hækkar um 14.4 millj. kr., en með þeim lögum var af-

numin hámarksupphæð sú, 4 millj. kr., sem áður gildi um framlag ríkissjóðs á móti framlögum sveitarfélaga til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði.

3. *Húsaleiguetirlit* hækkar um 30 þús. kr.

### III. Vinnumál:

1. *Félagsdómur*. Laun félagsdómsmanna hækka um 69 þús. kr. og annar kostnaður um 3 þús. kr.

3. *Vinnumiðlun* hækkar um 50 þús. kr.

11. *Framlag til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO)* hækkar um 98 þús. kr.

### IV. Almennatryggingar:

1. *Framlag til lífeyristrygginga* hækkar um 53.6 millj. kr., þar af eru 34.5 millj. kr. vegna nýrra laga um almennatryggingar, sem ganga í gildi 1. janúar 1964, 11.1 millj. kr. vegna fjölgunar bótaþega, aukins kostnaðar o. fl., 2.6 millj. kr. vegna of lágs framlags 1963 og 5.4 millj. kr. vegna yfirfærslu á halla í árslok 1963, þar af eru 2.8 millj. kr. vegna ársins 1962 og 2.6 millj. kr. vegna ársins 1963.

2. *Framlag til sjúkratrygginga* hækkar um 13.3 millj. kr., þar af um 7.8 millj. kr. vegna hækkunar daggjalda á sjúkrahúsum og hælum, 3.0 millj. kr. vegna breytinga á almennatryggingalögunum, 1.5 millj. kr. vegna fjölgunar hinna tryggðu og 1.0 millj. kr. vegna hækkana á greiðslum til lækna samkv. samningum svo og öðrum kostnaði.

3. *Framlag til atvinnuleysistrygginga* hækkar um 5.4 millj. kr., þar af eru um 4.1 millj. kr. vegna kauphækkana og um 1.3 millj. kr. vegna fjölgunar vinnuvikna, veldur þar um bæði mikil atvinna í ár svo og að alltaf eru þorp að bætast við, þar sem tryggingarnar taka til.

### V. Önnur félagsmál:

1. *Ríkisframfærsla sjúkra manna og örkumla* hækkar um 8.7 millj. kr.

a. *Styrkur til berklasjúklinga* hækkar um 200 þús. kr.

d. *Berklaræktanir* hækka um 25 þús. kr.

f. *Styrkur til sjúklinga annarra en berklasjúklinga* hækkar um 8.4 millj. kr. aðallega vegna hækkunar daggjalda á sjúkrahúsum og hælum, en að öðru leyti vegna fjölgunar sjúklinga.

2. *Önnur ríkisframfærsla:*

a. Gjöldin eru áætluð 300 þús. kr. hærri en áður vegna of lágrar áætlunar og vaxandi útgjalda.

c. *Til hjálpar nauðstöddum Íslendingum erlendis* hækkar um 50 þús. kr.

d. *Greiðsla með börnum erlendra manna* lækkar um 700 þús. kr.

11. *Til heimilishjálpar samkv. lögum nr. 10/1952* hækkar um 250 þús. kr. vegna of lágrar áætlunar og vaxandi útgjalda vegna hækkaðs kaupgjalds og verðlags og einnig vegna þess, að ný sveitarfélög setja á stofn heimilishjálpar.

12. *Til Kvenréttindafélags Íslands* hækkar um 10 þús. kr.

Um 18. gr.

Eins og kunnugt er öðlast gildi 1. janúar 1964 ný lög um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sem fela í sér ýmsar gagngerðar breytingar frá núgildandi lögum um þetta efni, m. a. þær, að frá gildistíma laganna öðlast allir sjóðfélagar full réttindi samkvæmt lögum um almennatryggingar.

Í 2. málgr. 24. gr. umræddra laga segir svo: „Sjóðfélagar, sem fengið hafa lífeyri fyrir 1. janúar 1964, skulu fá greiddan lífeyri samkvæmt ákvæðum þessara laga frá gildistöku þeirra. Þeim lífeyrisþegum, er fengu greiddan lífeyri samkvæmt 18. gr. fjárlaga og höfðu að honum meðtöldum hærri lífeyri eftir gömlu reglunum en hinar nýju mundu veita þeim, skal greidd uppbót þannig, að þeir haldi sama heildarlífeyri og þeir höfðu áður.“

Í greinargerð fyrir þessu ákvæði segir svo í frumvarpi að lögunum: „Síðari málgreinin fjallar um framtíðarlífeyri núverandi lífeyrisþega. Hefðu þeir fengið almannatryggingalífeyri til viðbótar lífeyri þeim, er þeir hafa nú, með öllum uppbótum, þar með töldum uppbótum 18. gr. fjárlaga, mundu margir þeirra hafa fengið óeðlilega háan heildarlífeyri. Það er því gert að meginreglu, að þeir fái lífeyri eftir hinum nýju reglum. Flestir fá nokkra hækkun á heildarlífeyri við þessa breytingu, eins og fram kemur í almennu greinargerðinni. Nokkrir aðilar, sem fengið hafa hæstar uppbætur á 18. gr. fjárlaga, hafa þó meira nú en nýju reglurnar mundu gefa þeim. Gert er ráð fyrir, að þessir menn haldi óbreyttum heildarlífeyri. Nöfn þeirra ríkisstarfsmanna, sem verið hafa á 18. gr. fjárlaga hingað til, þurfa þá ekki að vera á henni framvegis, heldur fá þeir allan sinn lífeyri eftirleiðis frá sjóðum og almannatryggingum.“

Með skirskotun til þess, sem hér á undan er rakið, hafa nöfn allra lífeyrisþega verið felld niður af 18. gr. og taka nú hlutaðeigandi sjóðir að öllu við þeim. Á hinn bóginn standa áfram á greininni nöfn þeirra aðila, sem ekki eru félagar í neinum lífeyrissjóði.

Við þær breytingar, sem hér var lýst, lækkar 18. gr. I og II um 4 352 þús. kr. Aftur á móti lækkar 18. gr. III. um 11.5 millj. kr. vegna þeirra launahækkana, sem orðið hafa, 18. gr. IV lækkar um 125 þús. kr. og 18. gr. VI um 8.2 millj. kr. af sömu ástæðu.

#### Um 19. gr.

Liðurinn til niðurgreiðslu á vöruverði og uppbóta á útfluttar landbúnaðar-afurðir lækkar um 37 millj. kr. frá gildandi fjárlögum.

Niðurgreiðslur eru áætlaðar 278 millj. kr. eða 92 millj. kr. lægri en í fjárlögum þessa árs.

Útflutningsuppbætur eru áætlaðar 115 millj. kr. eða 55 millj. kr. hærri en í fjárlögum þessa árs.

Óviss útgjöld hækka um 1 millj. kr. Liðurinn til launauppbóta, 65 millj. kr. í fjárlögum þessa árs, fellur niður. Greinin lækkar þannig í heild um 101 millj. kr.

#### Um 20. gr.

Inn: II. *Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna* lækkar um 3 millj. kr. vegna of lágrar áætlunar.

Út: I. *Afborganir lána ríkissjóðs* lækka um 5.4 millj. kr.

II. *Framlag til ríkisábyrgðasjóðs* lækkar um 8 millj. kr., eða sem nemur afborgunum og vöxtum af láni, er sjóðurinn tók árið 1962.

XI. 2. *Til byggingar menntaskólans í Reykjavík* lækkar um 1 millj. kr.

XI. 6. *Til byggingar Kennaraskóla Íslands* lækkar um 1 millj. kr.

XI. 8. *Til kaupa á kennarabústað fyrir Garðyrkjuskólann á Reykjum* er nýr liður að upphæð 513 þús. kr.

XXVIII. *Afborganir af kaupverði íbúðarhúss að Hesti* lækkar um 250 þús. kr.

XXX. *Til fyrningarsjóðs ríkisbifreiða*. Þessi liður kemur í stað liðarins til endurnýjunar á bifreiðum ríkisstofnana og lækkar um 3 millj. kr.

XXXIII. *Til kaupa á Mógilsá í Kjalarneshreppi* er nýr liður að upphæð 1.7 millj. kr.

XXXIV. *Til byggingar handritahúss* er nýr liður að upphæð 3 millj. kr.

XXXV. *Framlag til skýrsluvéla ríkisins og Reykjavíkurborgar vegna húsbýggingar* er nýr liður að upphæð 1 millj. kr.

#### Um 22. gr.

Liðir XIX.—XXV. eru nýir.

Um 23. gr.

Sú efnisbreyting er gerð á greininni, að úr upptalningunni er felldur niður Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, þar eð í hinum nýju lögum um sjóðinn, sem taka gildi 1. jan. 1964, eru ákvæði, sem gera óþarft að kveða sérstaklega á um þessar uppbætur. Meðan lögum um aðra lífeyrissjóði, sem í greininni eru nefndir, hefur ekki verið breytt í sama horf, þykir rétt að heimildarákvæðið standi óbreytt að því er til þeirra tekur.